

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**  
**07 755**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta**  
**kt. 480109-1390**  
**Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 160/2008.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 29 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Markmiðið starfseminnar er að auka möguleika þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða daufblindir til virkni og þátttöku á öllum sviðum samfélagsins til jafns við aðra, með áherslu á stuðning til náms, sjálfstæðs heimilishalds, virkra tómtunda og atvinnuþátttöku. Í því skyni sinnir Miðstöðin ráðgjöf, hæfingu og endurhæfingu, auk þess að afla og miðla þekkingu á aðstæðum notenda í því skyni að bæta þjónustu og stuðla að framförum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 382,3 milljónir og afkoma kr. -17,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 21,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 122,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda og sjónskerta fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Bjarni Grímsson  
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	354.000.000	348.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	11.042.149	13.145.921
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	17.215.554	15.269.226
<b>Tekjur samtals</b>		<u>382.257.703</u>	<u>376.415.147</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	242.678.689	232.836.749
Framlög og tilfærslur .....		53.737.884	53.121.010
Annar rekstrarkostnaður .....	5	86.290.122	73.542.083
Afskriftir .....	6	17.215.554	15.269.226
<b>Gjöld samtals</b>		<u>399.922.249</u>	<u>374.769.068</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(17.664.546)	1.646.079
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(58.647)	(66.649)
		(58.647)	(66.649)
<b>Afkoma ársins</b>		<u>(17.723.193)</u>	<u>1.579.430</u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(15.085.309)	3.600.440
Rekstrartilfærslur .....		(2.637.884)	(2.021.010)
		<u>(17.723.193)</u>	<u>1.579.430</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		66.266.183	56.501.096
Farartæki og vélar .....		252.151	396.234
Aðrar eignir .....		28.185.950	36.189.560
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>94.704.284</u>	<u>93.086.890</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		110.608	100.050
Tengdir aðilar .....	8	27.874.280	58.840.726
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		202.421	316.159
Handbært fé .....		812	202
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>28.188.121</u>	<u>59.257.137</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>122.892.405</u>	<u>152.344.027</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		21.561.039	39.284.232
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>21.561.039</u>	<u>39.284.232</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	772.010	614.423
Viðskiptaskuldir .....		8.781.439	13.227.365
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	26.648.909	23.473.445
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	65.129.008	75.744.562
<b>Skuldir samtals</b>		<u>101.331.366</u>	<u>113.059.795</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>122.892.405</u>	<u>152.344.027</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(17.723.193)	1.579.430
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	17.215.554	15.269.226
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(17.215.554)	(15.269.226)
		<u>(17.723.193)</u>	<u>1.579.430</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		103.180	(121.661)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(1.270.462)	5.250.039
		<u>(1.167.282)</u>	<u>5.128.378</u>
		<u>(18.890.475)</u>	<u>6.707.808</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(18.832.948)	(23.742.328)
		<u>(18.832.948)</u>	<u>(23.742.328)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		31.124.033	10.633.711
Fjárfestingarframlag .....		6.600.000	6.400.000
		<u>37.724.033</u>	<u>17.033.711</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		610	(809)
		<u>202</u>	<u>1.011</u>
		<u>812</u>	<u>202</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	354.000.000	354.400.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(6.400.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	354.000.000	348.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	17.215.554	15.269.226
	<b>371.215.554</b>	<b>363.269.226</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	302.900.000	51.100.000	0	354.000.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>302.900.000</b>	<b>51.100.000</b>	<b>0</b>	<b>354.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(317.985.309)	(53.737.884)	0	(371.723.193)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(15.085.309)</b>	<b>(2.637.884)</b>	<b>0</b>	<b>(17.723.193)</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	345.075	755.672
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	1.767.365	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	8.903.969	12.390.249
Ýmsar tekjur .....	25.740	0
	<b>11.042.149</b>	<b>13.145.921</b>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	193.494.363	189.204.023
Orlof, breyting .....	2.802.241	(861.845)
Launatengd gjöld .....	43.865.646	43.347.192
Starfsmannakostnaður .....	2.516.439	1.147.379
	<b>242.678.689</b>	<b>232.836.749</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	23,0	23,0

## Skýringar

	2019	2018
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.688.404	1.120.628
Byggingarvörur, almennar .....	254.190	8.640
Tæki og búnaður til innréttinga .....	54.770	0
Ýmis tæki og áhöld .....	2.800.375	846.591
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	9.678	6.674
Orkugjafir .....	1.072.575	902.232
Matvæli .....	3.770.779	3.652.983
Almennar rekstrarvörur .....	382.023	250.865
Vörukaup, almenn	10.032.794	6.788.613
Lækninga- og hjúkrunarvörur .....	0	15.882
Sjúkrahústæki og áhöld .....	1.299.903	0
Kennslu- og föndurvörur .....	25.673	145.060
Ýmsar sérgreindar vörur .....	133.063	9.951
Vörukaup, sérgreind	1.458.639	170.893
Fundir, námskeið, risna .....	1.897.712	1.343.085
Ferðir, uppihald .....	10.390.410	8.630.941
Akstur .....	1.062.774	657.965
Sérfræðipjónusta .....	27.316.989	28.290.703
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	110.888	125.632
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	297.866	792.062
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	2.404.408	2.664.703
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	43.481.047	42.505.091
Samningsbundin kaup og leiga .....	1.349.021	1.177.968
Afnotagjöld .....	4.230.557	3.995.133
Leigugjöld .....	13.974.421	13.746.100
Notkun véla og flutningatækja .....	76.000	188.272
Verkkaup .....	8.923.370	3.366.228
Tryggingar, lögboðnar .....	2.446.977	1.517.213
Opinber gjöld .....	241.661	37.366
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	31.242.007	24.028.280
Vörukaup I .....	70.549	49.206
Vörukaup II .....	5.086	0
Vörur til endursölu og birgðabreyting	75.635	49.206
Annar rekstrarkostnaður samtals	86.290.122	73.542.083
	<b>2019</b>	<b>2018</b>
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	9.067.861	7.116.343
Farartæki og vélar .....	144.083	144.083
Aðrar eignir .....	8.003.610	8.008.800
	17.215.554	15.269.226

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	66.266.183	56.501.096
Farartæki og vélar .....	252.151	396.234
Aðrar eignir .....	28.185.950	36.189.560
	<u>94.704.284</u>	<u>93.086.890</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	79.080.061	81.659.826	1.440.836	162.180.723
Viðbætur á árinu .....	18.832.948	0	0	18.832.948
	<u>97.913.009</u>	<u>81.659.826</u>	<u>1.440.836</u>	<u>181.013.671</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	22.578.965	45.470.266	1.044.602	69.093.833
Afskrift ársins .....	9.067.861	8.003.610	144.083	17.215.554
	<u>31.646.826</u>	<u>53.473.876</u>	<u>1.188.685</u>	<u>86.309.387</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>66.266.183</u>	<u>28.185.950</u>	<u>252.151</u>	<u>94.704.284</u>

## 8 Tengdir aðilar

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	27.874.280	31.187.849
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	27.652.877
	<u>27.874.280</u>	<u>58.840.726</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	772.010	614.423
	<u>772.010</u>	<u>614.423</u>

## 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	39.284.232	37.704.802
Afkoma ársins .....	(17.723.193)	1.579.430
Jöfnuður 31.12. ....	<u>21.561.039</u>	<u>39.284.232</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlit eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	26.275.686	23.473.445
Ógreidd laun .....	373.223	0
	<u>26.648.909</u>	<u>23.473.445</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	94.704.284	93.086.890
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(29.575.276)	(17.342.328)
	<u>65.129.008</u>	<u>75.744.562</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	93.086.890	(17.342.328)	75.744.562
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	6.600.000	6.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	18.832.948	(18.832.948)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(17.215.554)	0	(17.215.554)
	<u>94.704.284</u>	<u>(29.575.276)</u>	<u>65.129.008</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 17,2 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til ársloka 2029 og rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 13,7 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 10,8 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.